

Stjórnarfundur Leiknar 6. febrúar 2015

Fundurinn var haldinn í Adobe Connect.

Fundurinn hófst kl. 14.30.

Mættir: Eyrún Valsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Hildur Betty Kristjánsdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir.

Hulda Anna Arnljótsdóttir og Guðrún Vala Elíasdóttir boðuðu forföll.

Þetta var gert:

1. Aðalfundur Leiknar.

Kvasir verður með aðalfund 27. og 28. maí. Stjórn Leiknar ætlar að funda 13. mars með stjórn Kvasis. Nánari tímasetning verður auglýst þegar nær dregur.

Stjórn Leiknar þarf að funda áður og því var ákveðið að halda stjórnarfund, þann sama dag. Þar munum við fara yfir hugmyndir okkar um Leikn, Kvasir, ráðstefnu, aðalfund, o.s.frv. til að leggja fyrir á fundinn með Kvasir.

2. Lög og reglur Leiknar.

Ef við ætlum að leggja til breytingar á samþykktum Leiknar þurfum við að gera það með löglegum fyrirvara. Tökum það fyrir á fundinum þann 13. mars.

3. Þátttaka okkar á fundinum í Noregi 16. og 17. mars.

Ræddum þetta mjög vel. Eyrúnu kemst ekki og Bettý verður í Köben á ráðstefnu. Venjan er að tveir fari og eru Guðrún og Sólveig tilbúnar að fara og var það samþykkt.

4. Önnur mál.

Hér var rætt um áframhaldandi stjórnarseta. Eyrún (búin að vera í stjórn síðan 2010) og Bettý (búin að vera í stjórn síðan 2011) ætla ekki að bjóða sig fram til stjórnarsetu í Leikn á næsta aðalfundi.

Guðrún er tilbúin til að vera áfram og Sólveig líka. Þurfum líka að ræða þetta á fundinum þann 13. mars.

Næsti fundur ákveðinn 13. mars og þá verður staðan á þessu öllu tekin.

Eyrún Valsdóttir ritaði fundargerð.